



# viðskiptalausnir

## CREDITINFO

### - tenging við Microsoft Dynamics NAV

Rétt og markviss notkun upplýsinga auðveldar fyrirtækjum að leggja mat á viðskipti og hafa eftirlit með þeim. Creditinfo býður traustar upplýsingar um stöðu viðskiptavina sem gera fyrirtækjum kleift að lágmarka áhættu í viðskiptum.

Wise hefur í samstarfi við Creditinfo þróað lausn sem gerir fyrirtækjum kleift að sækja upplýsingar frá Creditinfo beint inn í Microsoft Dynamics NAV. Upplýsingarnar veita yfirsýn yfir CIP áhættumat og vanskil viðskiptavina.

**CIP áhættumat** er tölfræðilegt reiknilíkan sem metur líkur á alvarlegum vanskilum íslenskra fyrirtækja á 12 mánaða tímabili. Áhættumatið nýtist í ákvörðun um reikningsviðskipti, við verðlagningu eða við mat á samstarfsaðilum.

**Vanskilaupplýsingar** veita nauðsynlegar upplýsingar um stöðu viðskiptavina í láns- og reikningsviðskiptum. Slíkar upplýsingar hafa áhrif á ákvarðanatöku gagnvart núverandi viðskiptavinum og þeim sem óska eftir viðskiptum. Réttar upplýsingar hjálpa fyrirtækjum að taka ákvarðanir sem leiða til öruggari viðskipta og lágmarkunar á útlánatapi.

**Tenging við Microsoft Dynamics NAV** birtir rauntímaupplýsingar frá Creditinfo á viðskiptamannspjaldi. Hægt er að uppfæra CIP áhættumat og vanskilaupplýsingar beint út frá viðskiptamannspjaldinu. Lausnin gefur einnig möguleika á að uppfæra stöðuna sjálfvirk í næturkeyrslu. Við stofnun viðskiptamanns er mögulegt að láta fletta upp áhættumati um leið og upplýsingar eru sóttar í þjóðskrá.



### Kerfið í hnotskurn

- Rauntíma upplýsingar beint inn í Dynamics NAV.
- Óflugar aðgangsstýringar.
- CIP áhættumat (einkunn frá 1-10).
- Upplýsingar um vanskilaskrá.
- Beintenging við þjóðskrá.
- Hægt að fá tilkynningu um áhættumat við stofnun sölu/pantana.
- Betra eftirlit með aldursgreiningu viðskiptakrafna.



### Mælikvarði á CIP áhættumati

**Grænn:** lágt áhættumat (einkunn 1-4).

**Gulur:** aukin áhætta á vanskilum (einkunn 5-7).

**Rauður:** áhætta á alvarlegum vanskilum (einkunn 8-10).

**Svartur:** upplýsingar um áhættumat vantar, upplýsingar hafa ekki verið sóttar eða viðkomandi er á vanskilaskrá.

### Vanskilaskrá litatákn

**Svartur:** upplýsingar vantar eða fyrirtækið er gjaldþrota.

**Rauður:** fyrirtækið er á vanskilaskrá.

**Grænn:** engin mál tengd fyrirtækinu eru á vanskilaskrá.

### Nánari upplýsingar



Komdu í kaffi og kynntu þér málið. Við tökum vel á móti þér í Borgartúni 26, Reykjavík og Hafnarstræti 102, Akureyri.

Söludeild Wise, sími: 545 3200, tölvupóstur: [sala@wise.is](mailto:sala@wise.is)

[www.wise.is](http://www.wise.is)